



FRAMKVÆMDASTJÓRN
EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel, XXX
[...] (2013) XXX drög

VIÐAUKI VIÐ ÁLIT EASA 05/2013

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) Nr. .../..

frá XXX

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) Nr. .../..

frá XXX

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnásluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS,

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EBE, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB⁽¹⁾, þá sérstaklega greinar 8(2), 8(3) og 8(5) hennar,

Þar sem:

- (1) Flugrekendur og starfsfólk sem er viðriðið starfrækslu ákveðinna loftfara skulu uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem kveðið er á um í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 ætti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að taka upp nauðsynlegar útfærslureglur til að skapa skilyrði fyrir öruggan rekstur loftfara.
- (3) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu sem gefið var út af stofnuninni í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (4) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. grein

Breyting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt eins og hér segir:

1. Í viðauka I (skilgreiningar) hefur eftirfarandi skilgreiningu verið bætt við:
‘(125) ‘Dauðhreinsaður flugáhafnarklefi’ þýðir allur sá tími þegar áhafnarmeðlimum loftfaraer ekki gert ónæði eða þeir truflaðir, nema vegna mála sem skipta miklu máli fyrir örugga stjórn flugvélarinnar eða öryggi farþega hennar.’
2. Í viðauka III (hluta-ORO) er málsgrein ORO.GEN.110(f) breytt sem hér segir:
‘(f)Flugrekandi skal koma á laggirnar ferlum og upplýsingagjöf sem tryggja öruggan rekstur sérhverrar loftfarstegundar. Þar skal fjallað um skyldur og ábyrgð starfsliðs á jörðu niðri og flugáhafnar, við sérhverja starfsemi á jörðu niðri og í flugi.Þessir ferlar

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi Evrópu 79, 13.3.2008, bls. 1.

og leiðbeiningar skulu ekki skylda áhafnar meðlimi til að inna neinar skyldur af hendi við vararsömustu stig flugs aðrar en þær sem inna þarf af hendi til að tryggja öruggan rekstur loftfarsins. Ferlarnir og leiðbeiningarnar skulu innihalda ferla fyrir dauðhreinsaða flugáhafnarklefa.

3. Í viðauka IV (hluta-CAT), er númeri málsgreinar CAT.GEN.MPA.125 breytt sem hér segir:
'CAT.GEN.MPA.~~125~~126 Akstur flugvéla'
4. Í viðauka IV (hluta-CAT) er eftirfarandi málsgrein bætt við:
'CAT.GEN.MPA.125 Akstur flugvéla
Rekstraraðilinn skal koma á ferlum fyrir akstur flugvéla til þess að tryggja örugga starfsrækslu og til þess að bæta öryggi á flugbrautum.'
5. Í viðauka VI (hluta-NCC) er númeri málsgreinar NCC.GEN.120 breytt sem hér segir:
'NCC.GEN.~~120~~121 Akstur flugvéla'
6. Í viðauka VI (hluta-NCC) er eftirfarandi málsgrein bætt við:
'NCC.GEN.120 Akstur flugvéla
Rekstraraðilinn skal koma á ferlum fyrir akstur flugvéla til þess að tryggja örugga starfsrækslu og til þess að bæta öryggi á flugbrautum.'
7. Í viðauka VIII (hluta-SPO) er númeri málsgreinar SPO.GEN.120 breytt sem hér segir:
'NCC.GEN.~~120~~121 Akstur flugvéla'
8. Í viðauka VIII (hluta-SPO) er eftirfarandi málsgrein bætt við:
'SPO.GEN.120 Akstur flugvéla
Rekstraraðilinn skal koma á ferlum fyrir akstur flugvéla til þess að tryggja örugga starfsrækslu og til þess að bæta öryggi á flugbrautum.'

2. grein

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópu*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar
[...]
Meðlimur framkvæmdastjórnarinnar